

6. gr.

Gert er ráð fyrir að ráða ráðgjafa til að vinna verulegan hluta vinnunnar. Þá er gert ráð fyrir að vinnuframlag stofnana s.s. vegna gagnaöflunar og samræmingarvinnu verði ekki reikningsfært heldur beri hvert sveitarfélag kostnað vegna þess. Allur annar kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði, þ.e. aðkeypt vinna ráðgjafa, aðkeypt þjónusta og gagnaöflun, laun nefndarmanna og kostnaður vegna ljósrita, prentunar og kynningar. Sameiginlegur kostnaður greiðist að hálfu af Skipulagsstofnun samkvæmt sérstökum samningi þar um. Að öðru leyti skiptist kostnaður hvers árs milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember ársins á undan.

Samvinnunefndin mun gera þjónustusamning við eitt sveitarfélaganna um að annast bókhald og fjármál nefndarinnar.

7. gr.

Stefnt er að því að vinnu við svæðisskipulagstillögu verði lokið 1. maí árið 2000 og að það taki gildi á því ári. Ráðherra staðfestir svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem unnar eru af samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgar-svæðisins staðfestast hér með samkvæmt 3. mgr. 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 28. júlí 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um tegundir sem undanþegnar eru viðskiptum á Kvótaþingi.

1. gr.

Heimilt er að flytja aflamark af hörpudiski og innfjarðarrækju milli skipa án undanþenginna viðskipta á Kvótaþingi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Kvótaþings með stoð í 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1998 um Kvótaþing. Reglugerðin öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.